

Mánudaginn 18. mars 2019, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þóra M. Lúthersdóttir, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Ingvar Björnsson og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

Kristín Jóna Sigurðardóttir, boðaði forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður nefndarinnar setti fundinn og lagði fram dagskrá.

2. Kannanir:

- a. Berglind Hlín Baldursdóttir, kennari Húnavallaskóla, fór í gegnum nemendakönnun Húnavallaskóla, starfsmannakönnun, Húnavallaskóla og Vallabóls, Viðhorfskönnun foreldra Húnavallaskóla, Viðhorfskönnun foreldra Vallabóls.
- i. Munu kannanir vera birtar á heimasíðu skólans.

3. Skóladagatal 2019-2020:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, lagði fram drög af skóladagatölum, skólaársins 2019 til 2020, fyrir leikskólann Vallaból og Húnavallaskóla.
- i. Fræðslunefnd frestar afgreiðslu framkominna skóladagatala.
- b. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, lagði fram þá breytingu á skóladagatali leikskólans Vallabóls skólaársins 2018 til 2019 að þeir starfsdagar sem eru á núverandi skóladagatali, 15., 16. og 26. apríl 2019, falli niður og leikskóli opinn á þeim tíma. Í staðinn verða starfsdagar 3., 4., 5., 6. og 7. júní 2019
- i. Fræðslunefnd samþykkir þessar breytingar á skóladagatali.

(Handwritten signatures and initials)
EG PML AB
Z B.F. JHR KRJ SBA

4. Bréf sem borist hafa:


- a. Brynjólfur Friðriksson, lagði fram bréf frá sveitarstjórn, dagsettu þann 28. febrúar 2019, þar sem sveitarstjórn vísar til Fræðslunefndar erindi frá Hilmari Smára Birgissyni og Söru Björk Þorsteinsdóttur, Uppsölum, dagsett 24. febrúar 2019 vegna leikskólavistar, til afgreiðslu.
 - i. Fræðslunefnd tekur undir ákvörðun skólastjórnenda vegna umsóknar Hilmars Smára og Söru Bjarkar, vegna leikskólavistar Tryggva Þórs.
 - ii. Fræðslunefnd skorar á sveitarstjórn að finna lausn með öðrum hætti til að koma á mótis við foreldra ungra barna áður en leikskólavíst hefst.
 - iii. Fræðslunefnd vísar því til sveitarstjórnar að í leikskólanum Vallabóli verði útbúin ungbarnadeild


5. Önnur mál:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, greindi frá nokkrum atriðum, svo sem bingói, þemaviku, skólahreysti, íslandsmót verk- og iðngreina ofl.
- b. Dreifnám hefur boðið Fræðslunefnd í heimsókn til að kynna sér starf Dreifnámsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 19:10



Brynjólfur Friðriksson


Þóra M. Lúthersdóttir


Jóhann Hólmar Ragnarsson


Kristín Rós Sigurðardóttir


Erla Gunnarsdóttir


Ingvar Björnsson


Sigríður Aadnegard


Einar Kristján Jónsson